



2019-2020

Náms- og kennsluáætlun

7. bekkjar





Efnisyfirlit

Íslenska.....	3
Stærðfræði	8
Enska	13
Danska.....	16
Samfélagsgreinar	19
Náttúrufræði	23
Heimilisfræði.....	26
Myndmennt	28
Textílmennt	31
Smíðar	33
Íþróttir.....	36
Sund.....	39
Lífsleikni	42
Upplýsingatækni.....	45



Íslenska

Tímafjöldi á viku: 6

Kennari: Sigríður G. Sigmundsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Íslenskukennsla er heildstæð og hver þáttur styður hvern annan.

Nemendur eru æfðir í að lesa upphátt, flytja ljóð, endursegja ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á aðra og tileinka sér efni sem flutt er. Miðað er við að 90% nemenda hafi náð að lesa 120 orð á mínútu við lok 7. bekkjar.

Nemendum eru kynntar reglur um stafsetningu og greinarmerki og þeir fá æfingu í notkun þeirra. Þjálfun í ólíkum þáttum ritaðs máls stuðlar að betra valdi á málinu. Þjálfun í stafsetningu er samþætt við aðrar námsgreinar.

Lögð er áhersla á fjölbreytt orðaval við ritun og skýra framsetningu texta og fjölbreytt ritunarverkefni verða unnin.

Bókmenntatextar verða lesnir og ætlast til þess að nemendur nýti sér þá til fróðleiks og skemmtunar. Rýnt verður í efni og innihald mismunandi texta. Verkefni unnin með textum þar sem hvatt er til ritunar og munnlegrar tjáningar af ýmsu tagi t.d. frásagnar og rökræðu.

Málfræði er ætlað að efla skilning og áhuga nemenda á móðurmálinu og vekja þá til vitundar um eigin málkunnáttu. Nemendur læra helstu grunnhugtök í málfræði og þjálfast í notkun þeirra. Málfræðikennsla á þessu stigi miðar að því að gera nemendur færa um að ræða mál og málfar og gera þá meðal annars þannig að betri málnotendum. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að málfræðipækking nýtist í stafsetningu og tungumálanámi.

Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og mikil áhersla lögð á metnað og vönduð vinnubrögð.



Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Tekið verður mið af þörfum allra hvað varðar nám í íslensku til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Skapað jákvætt andrúmsloft og jákvætt viðhorf til íslenskunáms.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið verður með texta sem tekur á jafnrétti og réttlæti. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti. Ritun unnin með jafnrétti í huga. Fundin hugtök sem tengjast jafnrétti.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýnni hugsun í tengslum við verkefnavinnu í íslensku. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu, þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur ná tækni í lestri og ritun. Yndislestur og gagnvirkur lestur notaður.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur takast á við ýmis álitamál og ágreiningsefni í lesnum textum.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur ná að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan hátt og túlka sögur og ljóð. Skapa sín eigin verk með ritun og umræðum. Skapa myndverk við texta sem lesinn er. Semja sögur og ljóð.

Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Lestur og lesskilningur.	Bækur af bókasafni, hljóðbækur, bókmenntatextar og efni frá kennara.	Mikil áhersla lögð á að nemendur lesi margs konar texta, bæði í skóla og heima. Nemendum gefinn kostur á að kynna áhugaverðar bækur og glæða þannig áhuga og forvitni annarra nemenda á bókum.	Lesferilspróf.



		<p>Nemendur eiga að</p> <ul style="list-style-type: none">• geta lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað• geta lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann• geta greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta• hafa kynnst uppruna íslenskunnar• hafa eflst í framsögn, tjáningu og hlustun.	
Bókmenntir.	Lukkudýrið, Allt getur gerst og ýmsar smábækur.	<p>Nemendur eiga að</p> <ul style="list-style-type: none">• geta lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur og bókmenntir ætlaðar börnum• geta beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða t.d. rím og ljóðstafi• geta aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna• geta lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga• hafa lesið leikætti og lært nokkur valin ljóð• þekkja nokkur frásagnarform bókmennta s.s. smásögu, ævintýri, goðsagnir og ljóð.	Kaflakannanir gerðar reglulega yfir veturinn sem mynda annareinkunn og eru þær einnig hluti af lokaprófseinkunn. Vinnubók metin til annareinkunnar.



Ritun.	Ritunarbókin, lestrarbækur til að skrifa um og efni frá kennara.	Nemendur eiga að: <ul style="list-style-type: none">• geta skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd• geta valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni• geta samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu.• geta beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hafa náð valdi á þeim• geta skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda og skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.	Ritgerðir metnar.
Málfræði er hluti af heildstæðu námi íslenskukennslunnar og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir.	Málrækt 3, Skræða 1 og 2, Smellur 1 og efni frá kennara.	Nemendur eiga að: <ul style="list-style-type: none">• geta nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun• geta nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum• geta áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra• geta notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu• geta beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins	Skriflegt próf í lok hvorrar annar.



		<ul style="list-style-type: none">• geta beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað• geta gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu• hafa kynnst uppruna íslenskunnar, grúskað og grafið upp ýmsan fróðleik um hana.	
--	--	---	--

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund;
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Lokamat að vori byggist á lykilhæfni og hæfni innan námssviðs.



Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 5

Kennari: Karen Ósk Kristjánsdóttir

Kennsluáðferðir og skipulag

Leitast verður við að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við kennsluna til að auka gæði námsins s.s. leitaraðferðir, einstaklingsvinnu, þrautalausnir, verklega kennslu, námsleiki, útikennslu, hlutbundna vinnu og hjálpargögn. Nýir námbættir eru kynntir og kenndir yfir hópinn í byrjun og svo er farið yfir í einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópi ef þarf. Lögð er áhersla á endurtekningu og mikla þjálfun nemenda í hverju viðfangsefni fyrir sig. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæð viðhorf til stærðfræði eru mikilvægir þættir í stærðfræðinámi svo og samræður við aðra nemendur um stærðfræðihugtök. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra.

Útbúin er áætlun fyrir hvora önn fyrir sig sem nemendur vinna eftir. Nemendur geta því sjálfir dreift álagi milli kennslustunda enda vita þeir til hvers er ætlast af þeim í hverri viku. Ekki verður um eiginlega heimavinnu í stærðfræði að ræða nema þegar nemendur nýta ekki tímann í skólanum til vinnu þá verður gert sú krafa að nemendur vinni heima svo þeir dragist ekki afturúr. Einnig verður gerð sú krafa að ef nemandi veikist eða fer í leyfi verði hann að vinna það upp og þá gæti orðið heimavinna.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Verkefni valin með velferð nemenda í huga.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Allir nemendur hafa jafnan rétt til náms. Leitast við að nám miðist við einstaklingsþarfir hvers og eins. Nemendur hafa ólíkar forsendur til náms og virða ber alla með því að hlusta á allar hugmyndir sem nemendur hafa fram að færa.



Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir í hóp eða bekk þegar við á. Mikilvægt er að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar. Virkar samræður um námsþætti hverju sinni.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">Talnalæsi, fjármálalæsi, þjálfun í læsi á stærðfræðilegum hugtökum og nemendur fá þjálfun í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni eins og í orðadæmum og textaverkefnum. Nemendur læra að lesa stærðfræðileg tákni þ.e. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman og þekkja aðgerðartáknin. Nemendur læra einnig að lesa tölfræðigögn.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">Reynt að stuðla að sjálfbærni með því að þjálfa nemendur í að draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um t.d. neyslu og að huga að eigin velferð og annarra. Leitast verður við að skapa vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">Verkefni unnin og sett fram á skapandi og listrænan hátt. Í stærðfræðivinnu eru notaðar ýmsar aðferðir til að tjá sig s.s. teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit. Unnin verða skapandi verkefni í hópastarfi á Degi stærðfræðinnar. Hlutbundin nálgun í hávegum höfð og ýtt undir skapandi hugsun nemenda eins og kostur er.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Tölur, samlagning og frádráttur, margföldun og deiling, tölfræði og líkur, rúmfræði, mælingar, almenn brot og prósent,	Stika 3a og 3b, nemendabók auk útprentaðs efnis frá kennara	Nemendur eiga að geta: <ul style="list-style-type: none">tjáð sig um stærðfræðiútskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrumleitað lausnasett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt með því að<ul style="list-style-type: none">beita skapandi hugsunbeita ígrundun, óformlegri og einfaldribeita formlegri röksemdafærslu	Símat, leiðsagnamat og kaflapróf.



reikningur, mynstur og algebra.		<ul style="list-style-type: none">○ geta fylgt og metið rökstuðning annarra• notað hugtök og táknmál úr stærðfræði og hentug verkfæri t.d.<ul style="list-style-type: none">○ hlutbundin gögn○ reiknirit○ talnalínu○ vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum• tjáð sig bæði munnlega og skriflega um lausnir stærðfræðiverkefna• unnið einir og í samvinnu við aðra að því að<ul style="list-style-type: none">○ rannsaka○ greina○ túlka○ setja fram tilgátur○ finna lausnir á viðfangsefnum, sem tengjast samfélagi og umhverfi með fjölbreyttum aðferðum○ kynna niðurstöður sínar• lesið og lagt mat á stærðfræðitexta• tjáð stærðir og hlutföll• reiknað með ræðum tölum• tekið þátt í að þróa lausnaleyðir við útreikninga• skráð svör sín með tugakerfisrithætti• nýtt sér samhengi og tengsl reikniadgerða	
---------------------------------------	--	--	--



		<ul style="list-style-type: none">• rannsakað mynstur• notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir• fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðgerðum• notað reglur algebrunnar við reikning • notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar• unnið með rúmfræðilegar færslur, einslögun og mælikvarða• búið til líkön og teiknað skýringarmyndir• áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða• áætlað og mælt lengd, flöt, rými og nýtt hnitakerfi, hlutbundin gögn og tölvur til þessara hluta • framkvæmt einfaldar tölfræðirannsóknir• unnið og lesið úr niðurstöðum sínum• sett niðurstöður upp í einföld myndrit• tekið þátt í umræðum um gögn og upplýsingar• dregið ályktanir um líkur• reiknað út líkur í einföldum tilvikum.	
--	--	---	--

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.



- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Kaflakannanir eru við lok hvers kafla. Tilgangur þeirra er að leiðbeina nemendum við námið. Kaflakannanir eru nýttar til að meta hvað þarf að fara betur yfir og hjálpa nemendum að bæta sig. Vinnubrögð, hæfni og framfarir nemenda eru metin reglulega yfir veturinn. Lokapróf eru tekin í lok hvorrar annar og nemendur fá í framhaldi af því vitnisburð sem inniheldur annareinkunn og prófseinkunn eða umsögn eftir því í hvaða bekk þeir eru. Prófseinkunn er útkoman úr lokprófinu en annareinkunn stendur saman af útkomum í kaflakönnunum, vinnueinkunn og vinnubók.
- ✓ Foreldraviðtöl eru líka tvisvar á skólaárinu þar sem kennurum, foreldrum og nemendum gefst kostur á að ræða námsframvinduna.



Enska

Tímafjöldi á viku: 4

Kennari: Sigríður G. Sigmundsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Lögð áhersla á að efla orðaforðann gegnum ýmis fjölbreytt verkefni. Nemendur vinna verkefni ein eða saman, munnlega og/eða skriflega. Þeir hlusta líka á talað mál af bandi og fá tækifæri til að vinna verkefni á tölvum og lesa stuttar lestrarbækur. Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og vönduð vinnubrögð.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ensku.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Unnið að því að skapa jákvæðan skólabrag með fjölbreyttum verkefnum þar sem hver og einn nemandi fær að njóta sín.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Allir fá að taka virkan þátt í náminu með því að tjá sig á sínum forsendum. Nemendur þjálfast í að hlusta á alla í bekknum tjá sig á ensku þar sem áhersla er lögð á talað mál og hlustun.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Verkefni unnin í hópavinnu þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru í fyrirrúmi. Réttindi allra til að tjá sig og koma með hugmyndir.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Valdir verða ýmsir miðlar og lesnir einfaldir textar til að þjálfra læsi og auka orðaforða í ensku.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur skrifa stuttar frumsamdar sögur í tengslum við námsefni og vinna einnig myndverk. Áhersla á að nemandi fái að uppgötva og njóta þess að læra nýtt tungumál.



Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Hlustun, lestur og lesskilningur er hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir.	Action, stuttar lestrarbækur og efni frá kennara.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• skilji það sem fram fer, bæði í tali kennara og samnemenda• skilji einfalt mál sem tengist nánasta umhverfi• skilji meginþráð í stuttri sögu eða frásögn• geti lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldaðar bækur og fræðsluefni fyrir börn• skilji texta um persónuleg málefni, áhugamál og daglegt líf• talað mál – samskipti• geti tekið þátt í einföldum samtölum og sagt frá sjálfum sér, áhugamálum og ýmsu úr nánasta umhverfi• geti skipst á einföldum upplýsingum, t.d. hvað er skemmtilegt/leiðinlegt• geti byrjað og endað samtal á einfaldan hátt• geti gefið einfaldar lýsingar, t.d. á fólki• geti skrifað einfaldan texta um kunnuglegt efni og notað algengustu samtengingar• geti skrifað einfaldan texta frá eigin brjósti• geti stafsett algeng orð, t.d. með hjálp leiðréttingarforrits	Munnleg og skrifleg próf yfir veturinn og lokapróf við annarlok. Prófseinkunn samstendur af 40% annareinkunn og 60% prófseinkunn.



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Stutt kaflapróf, munnleg og/eða skrifleg. Skrifleg próf í lok hvorrar annar.
-



Danska

Tímafjöldi á viku: 3

Kennari: Auður Jónsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Helstu viðfangsefni dönskunámsins á fyrsta ári snúa að nemendunum sjálfum og daglegu lífi þeirra. Viðfangsefni eins og líkaminn, litir, tölur, föt, dagarnir og heimilið eru meðal efnispáttar sem teknir eru fyrir í upphafi námsins. Unnið er með Start, les- og vinnubók og Smart les- og vinnubók. Efni á neti, efni unnið af kennurum, kvikmynd og fleira. Námsbækurnar eru byggðar upp þannig að fyrst er farið í texta í lesbókinni þar sem orðaforði er kynntur, bæði í texta og með myndum. Í vinnubókinni eru síðan verkefni sem nemendur vinna annaðhvort einir eða í pörum. Hlustunaræfingar eru fjölmargar í vinnubókinni og margar hugmyndir að munnlegum verkefnum er að finna með námsefninu. Einnig er hlustað á danska tónlist. Að auki er stuðst við ýmis spil og leiki. Lögð er áhersla á að allir nemendur finni eigin aðferð við að lesa og skilja texta og eru því fjölbreyttar leiðir farnar í lestri, t.d. að lesa texta upp á eigin spýtur heima eða í skóla, lesa í litlum hópum/pörum, lesa með stuðningi af glósulista og nota orðabækur.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í dönsku.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">Viðfangsefni í námsefninu eru m.a. matur, nesti, hreyfing, tilfinningar og áhugamál. Nemendum hrósað markvisst til að styrkja jákvæða sjálfmynd nemenda og þeir hvattir til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í námi og verkefnavali.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">Mikið er unnið í hópum/pörum í dönsku. Gætt er að því að skipta mismunandi í hópa t.d. að þau velji stundum sjálf, kennari skiptir í hópa, kynjaskiptir hópar, blandaðir hópar. Einnig er tekið tillit til námsgetu þegar skipt er í hópa; stundum er skipt eftir getu en einnig þvert á getu. Samvinnunám (cooperative learning) er hluti dönskunámsins þar sem nemendur hjálpast að og styðja hver annan.



Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">Nemendur eru hvattir til að vera virkir og sjálfstæðir í verkefnavali. Á hvorri önn eru unnin verkefni þar sem nemendur meta bæði eigin frammistöðu og hóps sem þau vinna í.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">Unnið er með læsi í víðum skilningi í dönsku og lesskilningur þjálfaður. Nemendur læra ný hljóð fyrir suma bókstafi t.d. e, a, æ, h... Nemendur þjálfast í myndlæsi og orðaforði þjálfaður út frá myndum.
Sjálfbærni og sköpun:	<ul style="list-style-type: none">Farið út fyrir skólastofuna og verkefni unnin s.s. myndaverkefni þar sem nemendur eiga að vinna út frá orðum og sköpunarkrafturinn fær að njóta sín. Nemendur lesa af og til texta þar sem þeir setja sig í hlutverk í textunum.

Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Dýr heimsins, matur, skólinn, bærinn, tilfinningar, áhugamál, stjórnur.	Smart, lestrar og vinnubók, hlustunarefni og efni af neti. Dejlige Danmark-lestrarbók og vinnubók, smásögur, hlustunarefni, efni af vef, kvikmynd/stuttmyndir spil og annað ítarefni	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">tileinki sér jákvætt viðhorf gagnvart nýju fagi og viti um kosti þess að læra norrænt tungumálgeti skilið einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar frá kennarageti tekið þátt í einföldu samtali við samnemendur sínageti skilið einfalda texta í námbókumlæri grunnatriði í ritun og framburðigeti skrifað stuttan texta í lok annar um sig og daglegt líf.	Próf og kannanir, munnleg verkefni, sjálfsmat, vinnubók metin.

Námsmat

Matið byggist á:



- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið. Viðmiðunaráætlun 7. bekkjar.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Lokapróf eru lögð fyrir við lok hvorrar annar. Munnleg skil verkefna eru metin til vetrareinkunnar. Einnig verkefni s.s. verkefni um kvikmyndir, myndaverkefni, ritunarverkefni og fleiri, sem eru unnin yfir veturinn eru metin til vetrareinkunnar.



Samfélagsgreinar

Tímafjöldi á viku: 3

Kennari: Sigríður G. Sigmundsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Á fyrri önninni verður saga og landafræði á seinni önninni.

Í sögunni lesum við kaflana saman og nemendur vinna síðan verkefni, ýmist einir sér eða saman.

Í landafræðinni vinna nemendur yfirleitt einir.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsgreinum.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">Með hópavinnu eflist samkennd milli nemenda og munum við vinna að því að skapa jákvæðan skólabrag til að stuðla að vellíðan þeirra. <p>Í sögu verður heilsufar forfeðra okkar skoðað og í landafræði verður rætt um heilsu og velferð Norðurlandabúa.</p>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">Í hópavinnu fer fram umræða og getur skilningur nemenda á viðhorfum og skoðunum annarra þannig aukist, þeir læra einnig að taka tillit til annarra og átta sig á að allir hafa jafnan rétt. Áhersla lögð á að skapa samábyrgt samfélag í bekk með lýðræðislegum vinnubrögðum. <p>Í sögu verður staða kynja og þjóðfélagshópa áður fyrir skoðuð og í landafræði verður rætt um réttindi og skyldur í velferðarþjóðfélagi.</p>



Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">Nemendur fá kennslu í lýðræðislegum vinnubrögðum og í hópum læra þeir lýðræðisleg vinnubrögð við gerð verkefna og framsetningu þeirra. Í sögu verða stjórnarhættir og réttindi fólks áður fyrir skoðað og í landafræði verður fræðst um stjórnarhætti á Norðurlöndunum.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">Bæði í sögu og landfærði verður almennt læsi þjálfað en einnig verður í landafræðinni korta- og myndalæsi nemenda eftl.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">Í samfélagsgreinum læra nemendur að skilja veruleikann og umhverfið. Í sögunni skoðum við hvernig samfélag forfeðra okkar var séð út frá sjálfbærni og í landafræðinni fræðumst við um náttúruna og umgengni um hana.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">Bæði í sögu og landafræði verður sköpunargáfa nemenda eflað með verkefnum. Með samvinnu og samræðum eflist bæði skapandi og gagnrýn hugsun.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Saga Evrópu frá Rómverjum og upphaf kristninnar fram til víkingaaldar og saga Íslands frá landnámi fram yfir kristnitöku.	Saga: Frá Róm til Þingvalla.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">geri sér í hugarlund nokkra mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífigeri sér grein fyrir uppruna og útbreiðslu kristninnar í Rómaveldi og hvernig hún barst norður á bóginnþekki helstu drætti í fornsögu norrænna þjóðaþekki ýmsa þætti víkingatímanskunni sögur af landnámi Íslandshafi nokkra þekkingu á gæðum lands við landnám, enn fremur trú og siðum, atvinnuháttum og stjórnskap fyrstu aldir Íslandsbyggðarviti hvernig kristni festi rætur á Íslandi.	Kaflapróf yfir alla önnina sem gilda til annar- og prófseinkunnar. Prófseinkunn samstendur af 40% annareinkunn og 60% prófseinkunn.



<p>Landshættir, gróðurfar, atvinnuhættir, auðlindir og orka, umhverfismál, samgöngur og fjölbreytt mannlíf í álfunni.</p>	<p>Landafræði: Evrópa</p>	<p>Að nemendur</p> <ul style="list-style-type: none">• læri að lesa legu staðar á heimskorti út frá lengdar- og breiddargráðum• læri að lesa af hefðbundnu staðfræðikorti upplýsingar um meginrætti landslags, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi• þekki á Evrópukorti nöfn og legu Evrópulanda, stærstu borgir, ár og vötn, eyjar og fjallgarða• kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Evrópu• þekki helstu menningareinkenni Evrópu, eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál• þekki dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lifnaðarhætti fólksins• þekki einnig samstarf Evrópuþjóða og í hverju það felst.	<p>Kaflapróf yfir alla önnina sem gilda til annar- og prófseinkunnar. Prófseinkunn samstendur af 40% annareinkunn og 60% prófseinkunn.</p>
---	---------------------------	--	--



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Kaflapróf, kannanir og lokapróf.



Náttúrufræði

Tímafjöldi á viku: 3

Kennari: Arnheiður Rán Almarsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Náttúrufræði er kennd þrisvar í viku í samkenndu 6. og 7. bekk.

Bókin verður lesin saman og unnin verkefni í skólanum. Læra að gera hugarkort, safna heimildum í bókum og af netinu.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í náttúrufræði.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Með hópavinnu eflist samkennd milli nemenda og munum við vinna að því að skapa jákvæðan skólabrag til að stuðla að vellíðan þeirra.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Í hópavinnu fer fram umræða og getur skilningur nemenda á viðhorfum og skoðunum annarra þannig aukist, þeir læra einnig að taka tillit til annarra og átta sig á að allir hafa jafnan rétt. Áhersla lögð á að skapa samábyrgt samfélag í bekk með lýðræðislegum vinnubrögðum.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur fá kennslu í lýðræðislegum vinnubrögðum og í hópum læra þeir lýðræðisleg vinnubrögð við gerð verkefna og framsetningu þeirra.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Almenn læsi þjálfað.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað umhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Sköpunargáfa nemenda efla með verkefnum og með samvinnu og samræðum eflist bæði skapandi og gagnrýn hugsun.



Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Vistfræðileg nálgun, tengs umhverfis og lífvera. Búsvæði, lífríki Íslands, sérkenni og tegundafjöldi. Veður, veðurfar og loftslag. Gróðurhúsaáhrif.	Líf á landi, CO ₂ , Auðvitað jörð í alheimi og annað efni frá kennara.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• kynnist lífverum á landi og geri sér grein fyrir að þær eru margar og fjölbreyttar• átti sig á að umhverfi landsins er mjög fjölbreytt, læri um ólík gróðurlendi og landslag• geri sér grein fyrir tengslum lífvera við búsvæði sitt og aðrar lífverur• kynnist og læri að þekkja nokkrar helstu lífverur í lífríki Íslands: plöntur, fuglar, spendýr, smádýr og sveppi• þjálfist í að greina lífverur til ákveðinna hópa eða tegunda• læri nokkur grundvallaratriði í grasfræði• þjálfist í vinnbrögðum sem einkennast af frelsi, sköpunargleði, samstarfi (þegar það á við), rökhugsun og jafnframt ákveðnum aga sem fagið sjálft kallar eftir• átti sig á mikilvægi þess að nýta náttúruauðlindir á sjálfbæran hátt• læri að meta fegurð náttúrunnar og að njóta samvista við hana.• þjálfist í að lesa náttúruna og túlka fyrirbæri hennar• átti sig á mikilvægi góðrar umgengni við náttúruna í stóru og smáu• hafi náð valdi á mikilvægum hugtökum um loftsalgsmál• fjalli um hnattræn viðfangsefni, svo sem takmörkun loftslagsbreytinga og vernd ósonlagsins• ræði hugtakið sjálfbær þróun• þjálfist í að beita vísindalegri hugsun og nákvæmum aðferðum við greiningu viðfangsefna, öflun upplýsinga, mat, úrvinnslu, túlkun og framsetningu.	Kaflapróf yfir alla önnina sem gilda til annar- og prófseinkunnar.



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Kaflapróf og kannanir.



Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku hálfan veturinn

Kennari: Arnheiður Rán Almarsdóttir

Kennsluáðferðir og skipulag

Heimilisfræði er tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn og nemendum úr 5. - 7. saman. Nemendur vinna ýmist einir eða í hópum.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í heimilisfræði.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á að allir eru jafnir óháðir kyni, menningu, fötlun, aldri og líkamsbyggingu
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur fá að hafa áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum eldhússins. Þegar skipt er í hópa, skal alltaf gætt jafnræðis
Læsi	<ul style="list-style-type: none">• Hluti læsis er hlustun og lestur á námsefni og á umhverfi.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur læra nýtni og að fara vel með hráefni og hluti.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none">• Sköpunarþörf nemenda fær að njóta sín.



Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
	Gott og gagnlegt 3 Heimilisfræði fyrir unglingastig og ýmis ljósrituð verkefni. Upplifun, leikur og umræður.	Að nemendur læri <ul style="list-style-type: none">• að fara eftir leiðbeiningum um hreinlæti• þrif tengd eldhússtörfum• heiti eldhúsáhalda og nota gildi þeirra• að útbúa einfaldar og hollar máltíðir• að leggja á borð og að sitja saman til borðs.	Mat byggist á mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni).

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Lykilhæfnin metin reglulega yfir veturinn.



Myndmennt

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku hálfan veturinn

Kennari: Auður Jónsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Nemendum 5, 6. og 7. bekkjar er kennt saman tvo tíma í viku hálfan veturinn.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í myndmennt

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á rétta líkamsstöðu við vinnu og að allir umgangist áhöld og efni sem unnið er með af varúð.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Allir fá sömu aðstöðu og hafa sama valmöguleika á efnivið óháð kyni.
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur hjálpast að við frágang í stofu.
Læsi	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur þjálfist í að fara eftir einföldum vinnuleiðbeiningum í máli og myndum.• Einnig læra nemendur hugtök sem tengist sjónlistum.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur vinna með verðlaust efni og endurhanna eða skapa eitthvað nýtt.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur hvattir til að útfæra og skapa eftir eigin hugmyndum.



Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Listir og sköpun eru svo stór hluti af daglegu lífi okkar að oft á tíðum erum við ekki meðvituð um tilvist þeirra og áhrif. Unnið verður með blýant, liti og málningu á mismunandi pappír. Mikil áhersla lögð á eigin sköpun og sjálfstæði.	Dæmi: litafræði og blöndun lita. Að horfa á umhverfið, skynja og skapa. Að prófa mismunandi tegundir pappírs og lita. Vinna með forgrunn og bakgrunn. Vinna með skissur og vinna eftir fyrirmynd. Skoða litir og form. Búa til þrívíð verk. Skoðuð dæmi um myndlist og hönnun. Fjölbreytt verkefni unnin með fyrirnefndar áherslur að leiðarljósi.	Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none">• notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun• nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun• unnið hugmynd frá skissu að lokaverkefni• gengið frá eftir vinnu sína.	Sjá neðar.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið. Þátttaka nemanda og verkefni þeirra metin.



Form og tíðni námsmats:

- ✓ Símat og sjálfsmat í lok annar



Textílmennt

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku hálfan veturinn

Kennari: Hjördís Albertsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Nemendum 5., 6. og 7. bekkjar er kennt saman tvo tíma í viku hálfan veturinn.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í textílmennt.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á að handverk er fyrir alla.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendum kennt að nýta og fara vel með efnið sem þeir vinna með og að nýta afgang efni þar sem það er hægt.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Sköpunargáfa nemenda fær að njóta sín. Nemendur skapa hluti sem eru þeirra eigin og enginn á alveg eins.



Áætlun

<i>Viðfangsefni og námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Litun á efni, vélsaumur, hekl, prjón, vefnaður . Tie Dye Púði Heklkeðja/prjón Vef	Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none">• Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar• Unnið með einföld snið og uppskriftir• Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli• Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla• Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang vinnusvæða	Lykilhæfnipættir eru metnir í lok hvers tíma og skráðir niður. Lokamat byggist á þessu símati.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið. Þátttaka nemanda og verkefni þeirra metin.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Símat og sjálfsmat í lok annar.



Smíðar

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku hálfan veturinn

Kennari: Eydís Kristjánsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Kennsla í smíðum og hönnun. Undirbúningur verkferla og úrvinnslu og verklegar æfingar í verkfærabeitingu. Nemendur prófa og kynnast helstu verkfærum til að smíða.

Samkennsla er í 5. – 7. bekk og byrja nemendur með verkefni fyrir sinn árgang en síðan fá þeir að búa til sínar hugmyndir eða verkefni sem þeir velja hver fyrir sig.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

- Að kynnast smíðastofunni betur og helstu eiginleikum hennar.
- Að kynnast helstu smíðaverkfærum og fá að prófa þau.
- Að virkja sköpunarþörf sína og koma hugmyndum sínum í sýnilegt form með eigin aðferðum.
- Að njóta leikgleðinnar og miðla hugmyndum sínum með öðrum og ræða þær.
- Að fá að sýna öðrum hæfni sína til smíða og sköpunar.



Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í smíðum.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á rétta líkamsstöðu og að kynnast verkfærum smíðastofunnar, réttri beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri ógn sem getur stafað af verkfærunum séu þau ekki notuð rétt.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Allir fái sömu tækifæri, sömu aðstöðu og geta valið samskonar efni.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Hver og einn fær að stjórna sínu verkefni og ræða það við alla sem vilja heyra.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Að lesa eiginleika mismunandi efna og skynja áhrif þess að beita verkfærum á þau. Einnig að læra að þekkja hvað verkfæri eigi að nota hverju sinni. Læra að þekkja nöfn verkfæranna og hvernig nafnið tengist vinnslu verkfærisins.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Læra að nýta efni og notast við afganga sem falla til.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur smíða og skapa sína smíðagripni eins og þeir sjá hann fyrir sér.

Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Verkfæranotkun og sköpun.	Möguleikar smíðastofunnar og helstu verkfæri. Útfærsla eigin hugmynda. Samræður.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• verði fær um að nota möguleika smíðastofunnar og helstu verkfæri hennar• geti útfært eigin hugmyndir• geti átt samræður um verk sín við kennara og samnemendur.	Afurð metin að smíði lokinni miðað við atgervi nemenda. Áhugi og hæfni nemenda, verklag og samskiptahæfni.



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð, frumkvæði, áráðni og þrautseigja; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Ástundun og virkni nemenda í tímum. Metið í lok annar.



Íþróttir

Tímafjöldi á viku: 4

Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Hefðbundin íþróttakennsla og útikennsla að hausti og vori eins og veður leyfir. Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi, fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar aðrar íþróttir og fjölbreyttir leikir.

Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskapættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri, búsetu og líkamsbyggingu
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæður.



Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Grunnþjálfun helstu íþróttageina s.s. knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi og fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar íþróttir og fjölbreyttir leikir.	Útikennsla að hausti og vori eins og veður leyfir, hlaup, leikir. Íþróttahús, áhöld eftir viðfangsefni. Allar helstu íþróttageinar og leikreglur þeirra	Að kynna fyrir nemendum og kenna þeim undirstöðuatriði íþróttageina. Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none">bætt í gegnum leik og æfingar líkamspól, kraft, hraða, viðbragð, liðleika, líkamsreisn og líkamsvitund sínagert æfingar sem reyna á loftháð þol, styrk og stöðugleika útlíma og bolsgert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingusýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttageinumupplifi ánægju af eigin framförumauki félags-, hreyfi- og siðgæðisþroskaverði meðvitaðir um mikilvægi hreyfingartekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingusýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsandaskýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþróttrætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþrótttaumfjöllun og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.	Er byggt á ástundun nemenda, vinnu í tímum, framförum og færni í ákveðnum þáttum. Jákvætt hugarfar og samvinna við kennara og aðra nemendur.



Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Framlegð í tímum auk færni, metið í lok haustannar og að vori. Símat á lykilhæfni.



Sund

Tímafjöldi á viku: Námskeið að hausti og vori

Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Hefðbundin sundkennsla, reglur, leikir, allar sundaðferðir, marvaði og stungur.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

- Að bæta útfærslu og tækni allra sundaðferða.
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum.
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í sund.
- Að auka félags-, hreyfi-, og siðgæðisþroska.
- Að ljúka 7. sundstigi.

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	• Áhersla á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Jafnrétti:	• Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri, búsetu og líkamsbyggingu.
Lýðræði og mannréttindi:	• Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara. Mikið er lagt upp úr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis
Læsi:	• Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.



Sköpun:

- Líkamstjáning í vatni.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Bringusund, skólabaksund, skriðsund, baksund, flugsund, tímataka og björgunarsund með jafningja. Stunga og leikur í vatni.	7. sundstig <ul style="list-style-type: none">○ 300 m bringusund við 10 mínútna tímamörk○ 50 m skólabaksund, stílsund○ 15 m björgunarsund með jafningja (skólabaksundsfótatök)○ 8 m kafsund, stílsund○ 50 m bringusund eða 25 m skriðsund á tíma○ gert þrjú leysitök○ notað blástursaðferð	Helstu markmið með sundstigum eru að <ul style="list-style-type: none">• allir fá markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum• nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt• veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs• sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi.	Kennari gefur nemendum vitnisburð fyrir: A - sundgetu á prófi B - mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Jákvætt hugarfar og samvinnu við kennara og samnemendur.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.



Form og tíðni námsmats:

- ✓ Verkleg próf í sundstiginu við lok haustannar og lok vorannar. Símat á lykilhæfni á meðan á kennslu standur.



Lífsleikni

Tímafjöldi á viku: 1

Kennari: Sigríður G. Sigmundsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Í lífsleikninni munum við hafa bekkjarfundi nokkuð reglulega, þar sem rædd verða hin ýmsu mál, frá kennara og nemendum. Við munum nota þessa tíma fyrir bæði náms- og jafnréttisleiki. Nemendur þurfa að taka afstöðu með og á móti hinum ýmsu málum sem snúa að jafnrétti og öðrum mannréttindum. Nemendur munu búa til land og þjóðfélag frá grunni.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í lífsleikni.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">Nauðsynlegt er fyrir nemendur að þekkja líkamlega þörf sína fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti og leitist við að koma til móts við hana.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">Ekki eru allir eins en þó eru allir jafnir og þurfa nemendur að læra að bera virðingu fyrir sérstöðu annarra.
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none">Þekki og átti sig á gildi þessara hugtaka. Á bekkjarfundum munu þessi hugtök skipa stóran sess.
Læsi	<ul style="list-style-type: none">Nauðsynlegt er fyrir nemendur að geta lesið umhverfi sitt, áttað sig á þeim áreitum sem geta haft áhrif á líf þeirra og geri sér grein fyrir slysgildrum í því.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none">Lögð áhersla á að nemendur sýni frumkvæði og sköpun í vinnubrögðum.



Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
	Litli Kompás og efni frá kennara.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• geti greint og lýst ýmsum tilfinningum, t.d. hamingju, gleði, sorg og reiði• geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem geta haft áhrif á líf þeirra• virði og átti sig á tilgangi leikreglna í mannlegum samskiptum• þekki hugtökin jafnrétti og lýðræði• geti tjáð hugsanir, skoðanir, tilfinningar og væntingar• hafi lært leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur m.a. í sér<ul style="list-style-type: none">○ færni í samvinnu○ að sýna tillitssemi○ að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum○ að setja sig í spor annarra○ að hlusta á aðra og sýna kurteisni○ að hafa áræði til að spyrja gagnrýninnna spurninga○ að sýna frumkvæði og sköpun í vinnubrögðum	Umsagnir



		<ul style="list-style-type: none">• þekki líkamlega þörf sína fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti og leitist við að koma til móts við hana• geri sér grein fyrir að ekki eru allir eins og beri virðingu fyrir sérstöðu annarra• kunni skil á umferðareglum fyrir gangandi vegfarendur• geti bent á slysaáhrif í umhverfinu, í umferðinni og á heimilum og þekki varasöm efni sem þar kunna að vera geymd• geri sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og stöðu sinni innan þeirra.	
--	--	---	--

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áráðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Umsagnir.



Upplýsingatækni

Tímafjöldi á viku: 1

Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir

Kennsluáðferðir og skipulag

Nemendur fá fræðslu um netöryggi, hvað ber að varast og hvernig þau eigi að umgangast tölvur og netið af skynsemi og öryggi. Nemendur vinna ýmis verkefni í forritunum word, excel, powerpoint o.fl.. Lögð verður áhersla á að nota alltaf rétta fingrasetningu við notkun lyklaborðs. Nemendur munu einnig afla sér upplýsinga á netinu til að nota við verkefnavinnu sína.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í tölvum.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none">• Tekið verður mið af þörfum allra hvað varðar nám og vinnuástöðu í tölvutímum, til að skapa líkamlega og andlega vellíðan.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur vinna á sínum forsendum/ á sínum hraða og fá að hafa áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun í tengslum við verkefni sín.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none">• Að ná tökum á stafrænu læsi og geti tileinkað sér það til að geta notað tölvu- og nettækni til samskipta og efnissköpunar af ýmsu tagi.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur læri að nota tölvu sér til gagns og gamans.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur nota hugmyndaflugið og skrifa texta frá eigin brjósti.



Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
	Word, Excel, Powerpoint.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">kunni að búa til möppur og nota möppur í tölvumhafi náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborð, tileinkað sér blindskrift og réttar vinnustellingarkunni á alla sérlykla á lyklaborðikunni á ýmis forrit t.d. word, excel, powerpoint.þekki helstu leitarmöguleika á Netinuviti að til eru lög um höfundarétt og skilji þýðingu þeirra við vinnu með upplýsingarsýni skilning á siðferðislegri ábyrgð sinni við framsetningu efnis á vef og sambærilegum miðlum, svo sem tölvuráðstefnum og í tölvupósti.	Umsagnir

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Umsagnir í lok haustannar og vorannar.